

# LJÓMA



## Ljómarallý 24. júlí 2021 Leiðalýsing - áætlun

### Að sérleið 1:

Ræst frá Sauðárkróki og ekið til suðurs inn á veg nr. 75. Eftir þeim vegi áfram til Varmahlíðar í gegn um Varmahlíð áfram til suðurs. Beygt til vinstri inn á veg 752 **Mælifell** ekið áfram til suðurs u.þ.b. 11 km þar sem beygt er til hægri inn á veg 751 **Efribyggð** eftir honum skal aka 1,4 km og beygt þá til vinstri inn á veg nr. 35 (á skiltinu stendur **Hveravellir** 116 km). Ekið skal eftir þeim vegi yfir brú og áfram, alls 4,7 km að að upphafi sérleiðar.

**Sérleið 1: Mælifellsdalur 1**    **Start N 65°24.788**    **W 019°24.060**  
**Endir N 65°14.714**    **W 019°27.057**

Ekinn sérleið um Mælifellsdal endamark við Bugavatn samtals 23,5 km

### Viðsnúningur

**Sérleið 2: Mælifellsdalur 2**    **Start N 65°14.714**    **W 019°27.057**    Mælifellsdalur ekinn til baka.  
**Endir N 65°24.788**    **W 019°24.060**

### Sérleið 3: Mælifellsdalur 3 - Sama og sérleið 1

### Viðsnúningur

### Sérleið 4: Mælifellsdalur 4 - Sama og sérleið 2.

### Ferjuleið að sérleið 5:

Ekið niður á veg 752 Skagafjarðarleið og beygt til hægri eknir u.þ.b. 25,3 km. eftir vegi 752 að bænum Litlu-Hlíð. Þar er ræst inn á sérleiðina Vesturdal 1.

**Sérleið 5: Vesturdalur 1**    **Start N 65°17.110**    **W 019°01.800**  
**Endir N 65°12.586**    **W 018°12.586**

Ekið framhjá brú og ræst skammt frá, eknir 10,6 km. að Þorljótsstöðum. Flaggað verði út á beinum kafla skammt frá sumarhúsi. Athugið að ekið er yfir læk/á við bæinn Giljar og skömmu síðar er ekið í gegnum tún með tveim hliðum. Passa verður vel að loka hliðum í leiðaskoðun og að loknum sérleiðaakstri.

## **Viðsnúningur: Þar verður þjónustubann**

### **Sérleið 6: Vesturdalur 2 – Ofurleið**

**Start N 65°12.586      W 018°12.586** Vesturdalur  
ekinn til baka  
**Endir N 65°17.110      W 019°01.800**

### **Ferjuleið að sérleið 7:**

Ekið sem leið liggur til Sauðárkróks, eftir vegi 752 og 75 að Vörumiðlun, Eyrarvegi 21, Sauðárkróki.

### **Sérleið 7: Nafir I**

Ræsing á bílaplani Vörumiðlunar. Sérleiðin er ekin út af bílaplani til norðurs og tekin vinkilbeygja til vinstri við Steinullarverksmiðju, ekið að Steypustöð Skagafjarðar, þar tekin beygja til vinstri og ekið meðfram Gönguskarðsá til suðvesturs, yfir gamla þjóðveginn og í gegn um malarkrúsir, upp á Nafir. Þar ekið milli túna og beitarreita, tekin hægri beygja þegar komið er að æfingasvæði Golfklúbbsins. Vinstri beygja fyrir ofan æfingasvæði, neðan golfvallar og þar ekið eftir vegslóðanum til suðurs og síðan austurs, vinkilbeygja til vinstri áður en flaggað er út af sérleið 7.

### **Ferjuleið að sérleið 8:**

Ekið til norðurs eftir sérleið 7, beygt til hægri niður af Nöfum, eftir að farið hefur verið framhjá kirkjugarði á hægri hönd. Beygt til norðurs um Aðalgötu við Sauðárkróskirkju. Þangað ekið norður aðalgötu og inn á veg 75 að Vörumiðlun, Eyrarvegi 21, Sauðárkróki.

### **Sérleið 8: Nafir II – Sama og sérleið 7**

#### **Ferjuleið að endamarki.**

Ekið til norðurs eftir sérleið 7, beygt til hægri niður af Nöfum, eftir að farið hefur verið framhjá kirkjugarði á hægri hönd. Beygt til suðurs inn á Skagfirðingabraut við Sauðárkróskirkju. Ekið þar til komið er að endamarki sem verður við Skagfirðingabúð við Ártorg 1, Sauðárkróki.